



Alþingi
Umhverfis- og Samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 4. febrúar 2022

Tilvísun: 2202028/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um loftferðir

Landhelgisgæslu Íslands hefur borist til umsagnar 186. mál, frumvarp til laga um loftferðir. Landhelgisgæsla Íslands vill ítreka umsögn sína sem send var Alþingi 16. apríl 2021, vegna frumvarpsins eins og það var lagt fyrir á síðasta löggjafarþingi, 586. mál, enda hefur ekki verið tekið tillit til þessara athugasemda í frumvarpi því sem nú er lagt fyrir Alþingi.

Í XIX. kafla frumvarpsins er fjallað um leit, aðstoð og björgun. Landhelgisgæsla Íslands fer með þýðingarmikið hlutverk við stjórnun leitar og björgunar á Íslandi. Stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands fer með hlutverk björgunarstjórnstöðvar sjófarenda og loftfara (*Joint Rescue Coordination Centre, JRCC*). Allar upplýsingar varðandi leit og björgun þurfa að berast til björgunarstjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar þar sem er sólarhringsvakt. Í 222. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skilgreiningu ábyrgðar á stjórnun leitar, aðstoðar og björgunar á leitar- og björgunarsvæði Íslands eins og það er skilgreint á hverjum tíma. Í frumvarpinu er skýrar kveðið á um hlutverk Landhelgisgæslu Íslands við stjórnun leitar og björgunar, og er það að mestu í samræmi við núverandi fyrirkomulag sem nánar er útfært í reglugerð um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara, nr. 71/2011. Á neyðarstundu má ekki leika nokkur vafi á því hver beri ábyrgð á því að samhæfa aðgerðir. Það var því mikið framfaraskref þegar reglugerðin var sett, en við undirbúning reglugerðarinnar var meðal annars höfð hliðsjón af IAMSAR sem er sameiginleg handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um leit og björgun.

Í samræmi við núverandi fyrirkomulag fer Landhelgisgæsla Íslands með stjórn leitar og björgunar á meðan loftfar er á lofti, og þar til vettvangur finnst. Ef vettvangur er á landi tekur lögreglan við stjórn aðgerða en ef hann er á hafi þá fer Landhelgisgæsla Íslands áfram með stjórn aðgerða. Er þetta í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 71/2011. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og væri því farsælast að ákvæði 222.gr. frumvarpsins endurspegladi núverandi fyrirkomulag betur og skýrar væri kveðið á um að Landhelgisgæsla Íslands færi með stjórn aðgerða vegna loftfara þar til vettvangur finnst. Eins og áður segir er það afar mikilvægt að eigi leiki vafi á því hver beri ábyrgð á stjórnun aðgerða þegar neyð vofir yfir.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til í 274. gr. að 14. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands verði breytt þannig að hún endurspegli 222. gr. frumvarpsins. Á sama hátt leggur Landhelgisgæslan til að í 14. gr. laga nr. 52/2006 verði skýrt kveðið á um að Landhelgisgæsla Íslands fari með stjórn leitar og björgunar á meðan loftfar er á lofti, og þar til vettvangur finnst. Ef hann er á landi tekur lögreglan við stjórn aðgerða en ef hann er á hafi þá fer Landhelgisgæsla Íslands áfram með stjórn aðgerða.

Virðingarfyllst,



Guðríður Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur